




Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Hamrar

2023 – 2024



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 .....	4
2.1 Innra mat .....	4
2.2 Ytra mat .....	4
2.3 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024.....	6
3 Innra mat, deildar.....	10
3.1 Álfaberg börn fædd 2020,2021 og 2022 .....	10
3.1 Dvergasteinn Börn fædd 2020. ....	13
3.2 Hulduhóll Börn fædd 2018 og 2019 .....	16
3.3 Tröllabjarg Börn fædd 2017 og 2018.....	20
4 Innra mat sérkennslu.....	24
5 Innra mat – fjöltyngd börn .....	25
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	26
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	27
8 Foreldrasamvinna.....	28
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	28
10 Fylgigögn.....	29
<b>10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....</b>	<b>29</b>



## Leiðarljós leikskólans

Gildi leikskólans Hamra eru:

**Virðing:** Virðum skoðanir annarra og sýnum virðingu í tali og framkomu.

**Samvinna:** Endurmetum starfið í sameiningu og hlustum á raddir hvers og eins.

**Jákvæðni:** Gleði og áhugi einkennir jákvæð samskipti og við mætum barninu þar sem það er stött í þroska og getu.

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2022-2023 hefur gengið mjög vel í Hömrum. Við höfum verið að leggja áherslu á sköpun og sjálfseflingu og unnið með verkefni sem heitir Heimur barnanna sem tengist Menntastefnunni. Kristín Hildur var með námskeið um Grunnþáttur menntunar í sköpun, Ferilmöppur og Skapandi umhverfi sem áskorun sem starfsfólk er búið að nýta sér mjög vel. Hildur Lilja kom og talaði við okkur um samskipti og agastefnu sem að Hamrar er að byrja að innleiða hjá sér. Einnig kom Sigurbaldur P. Frímannsson með fyrirlestur um Börnin ráða sjálf ferðinni sem var mjög gott innleg í okkar vinnu.

Í vor fékk leikskólinn boð um að vera þátttakendur í þróunarverkefni og rannsókn með Austur-miðstöð ásamt leikskólanum Hulduheimum og nemum frá Háskóla Reykjavíkur um að innleiða Náttúrulega kennslu og mun þessi verkefnavinna halda áfram inn í næsta skólaár. Þetta passar mjög vel við þá vinnu sem við erum búin að vera að vinna í vetur og höldum áfram með næsta skólaár.

Náttúruleg kennsla lýsir sér best sem félagsfærni og tjáning kennd í náttúrulegu umhverfi þar sem leitast er til náttúrulegar umbunar. Ávallt er fylgt frumkvæði barnsins og grípum við þau tækifæri sem gefast ásamt því að lesa vel í hegðun barna. Náttúruleg kennsla snýst um það hvað við ætlumst til af barninu og að við viljum kenna því færni til bættrar hegðunar eða hjálpa því við að ná markmiði sínu á jákvæðan hátt. Haft er í huga að barnið sjálft stýrir þó ferðinni og þannig lesum við í hegðun barnsins. Barnið er ávallt nálgast með það í huga á hvaða þroskastigi það er stött. Það er okkar von að starfsfólk tileinki sér að vinna eftir Náttúrulegri Kennslu.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

### 2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Sumarfrí	Könnun á netinu	Allir starfsmenn og foreldrar	Að allir hafi sitt að segja með það sem er verið að kjósa um
Rýnihópur	Á fundum eftir hvern atburð	Einn starfsmaður af hverri deild	Hver kemur sem rödd sinnar deildar og endurmetur uppákomudaga og annað sem er verið að gera í leikskólanum.

### 2.2 Ytra mat

#### Foreldrakannanir:

Leikskólinn sendi foreldrum í janúar rafræna könnun varðandi sumarfríð næsta sumar. Tilgangurinn var sá að fá foreldra til þess að vera með í ákvörðunartöku um hvenær sumarfrí leikskólans ætti að vera. Foreldrar gátu valið um tvö tímabil, júní til júlí og júlí til ágúst. Þátttaka var góð og var niðurstaðan sú að leikskólinn yrði lokaður frá 12. júlí til 9. ágúst.

Reykjavíkurborg sendi út könnun í apríl. Niðurstöður hennar eru eftir liðum:

Spurningar varðandi barnið og starfið sem og upplifun af leikskólanum kom vel út.

Varðandi stjórnun og stefnu og varðandi foreldra og starfið þurfum við að bæta nokkuð.



## Umbætur:

- Í foreldraviðtölum, setja inn spurningarnar til foreldra. Hverjar eru væntingar þínar/ykkar til framfara barnsins í leikskólanum? og Hvernig sérðu leikskólann mæta þörfum barnsins þíns?
- Senda út fleiri skoðanakannanir til foreldra um leikskólastarfið
- Daglegt spjall um framfarir/starf barnsins í leikskólanum á hverjum degi
- Foreldrar hafa óhindraðan aðgang að deildarstjóra. Foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali, utan foreldraviðtala sem eru tvisvar á ári, þar sem rætt er líðan/framfarir barnsins ásamt næstu skrefum barnsins í leikskólanum.
- Hafa gildi og stefnu leikskólans sýnilegri
- Gefa út lítinn bækling í haust 2023 þar sem farið er yfir gildi og stefnu leikskólans.
- Foreldrar eru óánægðir með það að heimsíðu leikskólans var lokað. Ekki nógar upplýsingar um leikskólastarfið á heimasvæði.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Líðan starfsmanna í vinnunni	Með skoðana-könnunum. í starfsmanna-viðtölum	Allt starfsfólk	Gefur öllu starfsfólki rödd til að segja hvað/hvernig því líður í vinnunni.
Foreldrakannanir	Með skoðana-könnunum og í daglegu spjalli um leikskólann	Foreldrar og starfsfólk	Foreldrar séu með í að taka ákvarðanir í starfi leikskólans. Fá sendar tvær kannanir yfir árið.



## 2.3 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

### Agastefna Hamra

#### Markmið:

- Að skapa sameiginlega sýn og stefnu á samskipti, til þess að auka vellíðan barna og starfsmanna.

Starfsfólk hefur unnið í hópum, þvert á deildar um hvað við viljum hafa í agastefnu skólans. Á þessu ári ætlum við að gefa út bækling um agastefnu Hamra og helstu frasa sem við notum í leikskólanum. Hvernig við viljum sjá samskiptin og hvað sé uppbyggileg nálgun í samskiptum. Þessi vinna fer fram á deildarstjórafundum, starfsmannafundum og deildarfundum.

#### Umbótapáttur:

Að allir séu samstíga og noti sömu frasana

### Náttúruleg kennsla

#### Markmið:

- Innleiða uppeldisstefnu um náttúrulega kennslu inn í allt starf leikskólans
- Að allt starfsfólk og börn noti sömu frasana í samskiptum, sem einkennast af virðingu.
- Kenna þeim lykilfrasa sem nýtist í samskiptum og erfiðum aðstæðum

Í vor fékk leikskólinn boð um að vera þátttakendur í þróunarverkefni og rannsókn með Báru Kolbrúnu Gylfadóttur sálfræðing í Austur-miðstöð ásamt leikskólanum Hulduheimum og nemum frá sálfræðideild Háskóla Reykjavíkur um að innleiða Náttúrulega kennslu og mun sú verkefnavinna halda áfram inn í næsta skólaár sem við tókum að sjálfsögðu fagnandi.



Náttúruleg kennsla lýsir sér best sem félagsfærni og tjáning kennd í „náttúrulegu“ umhverfi þar sem leitast er til náttúrulegrar umbunar. Ávallt er fylgt frumkvæði barnsins og grípum við þau tækifæri sem gefast ásamt því að lesa vel í hegðun barna. Náttúruleg kennsla snýst um það hvað við ætlumst til af barninu og að við viljum kenna því færni til bættrar hegðunar eða hjálpa því til að ná markmiði sínu á jákvæðan hátt. Haft er í huga að barnið sjálft stýrir þó ferðinni og þannig lesum við í hegðun barnsins. Barnið er ávallt nálgast með það í huga á hvaða þroskastigi það er statt.



## **Umbótaþættir**

Það er ósk okkar að þessi vinna skili sér í því að starfsfólk tileinki sér að vinna eftir náttúrulegri kennslu í samskiptum við börnin.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
Móttaka nýrra starfsmanna	Að vera með virka móttöku- áætlun.	Deildarstjórar taka á móti og þjálfa nýtt starfsfólk í samvinnu við annað starfsfólk á deildinni.	Stjórn- endur	Sept 2023	Maí 2024	Á deildarstjóra- fundum. Í starfs- mannaviðtölum leikskólastjóra	Að nýtt starfsfólk sé tekið í viðtal allt að fjórum sinnum
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
Náttúruleg kennsla/virðing  	Innleiða náttúrulega kennslu inn í skóla- starfið	Að starfsfólk tileinki sér hugmyndafræði Náttúrulegrar kennslu og vinni eftir henni. Allir starfsmenn sæki námskeið í Náttúrlægri kennslu	Leikskóla- stjóri og allir starfsmenn	Sept 2023	Maí 2024	Reglulega á deildarfundum og deildarstjórafundum	Að starfsfólk tileinki sér að vinna eftir Náttúrlægri kennslu þegar taka þarf á óæskilegri hegðun.
Agastefna  	Innleiða agastefnu Hamra inn í allt starfs leikskólans	Fyrirlestrar og hópavinna á skipulagsdögum	Stjórn- endur	Sept 2023	Maí 2024	Matslistar og umræður á fagfundum og deildarstjórafundum Sem og hópavinna á skipulagsdögum	Að skapa sameiginlega sýn og stefnu á samskipti, til þess að auka vellíðan barna og starfsmanna. Gerð bæklings.





Mannauður/ Leikskólabragur							
Fræðsla og endurmenntun	Að starfsfólk fái að vita hvaða námskeið og fræðsla eru í boði fyrir það.	Að senda tölvupóst til starfsmanna með auglýsingum um námskeið ásamt því að hengja upp auglýsingar á kaffistofunni eða setja inn á lokaðan hóp starfsmanna á facebook. Að bjóða upp á gagnleg og fræðandi erindi á skipulagsdögum.	Stjórnendur	Haust 2023	Vor 2024	Endurmetið á deildarstjórafundum	Að starfsfólk fái sem fjölbreyttustu fræðslu sem í boði er.
Innra mat							
Starfsmanna- viðtöl	Að starfsmaður geti komið á framfæri hvernig honum líður í vinnunni og hvaða símenntun hann hefur áhuga á.	Leikskólastjóri skipuleggur tíma sem hentar starfi leikskólans hverju sinni.	Leikskólastjóri	Janúar 2023	Vor 2024	Á deildarstjórafundum.	Að allir starfsmenn fari í viðtal við leikskólastjóra einu sinni á ári.



### 3 Innra mat, deildar

#### 3.1 Álfaberg börn fædd 2020,2021 og 2022

##### Jóga

- **Styrkleikar:** Það gekk mjög vel að kynna jóga fyrir börnunum, einblínt var á líkamspartana og kom það greinilega í ljós eftir áramótin að þau voru orðin mun meðvitaðri um líkamann sinn. Markmiði var náð og þessi þáttur er komin til að vera.
- **Tækifæri til umbóta:** Í vetur ætlum við að bæta við öndunaræfingum og slökun markvisst 4x í viku.





##### Sögugrunnur

- **Styrkleikar:** Það gekk mjög vel að kynna sögugrunninn fyrir börnunum og sjá hvað þau voru rosalega áhugasöm og spennt fyrir sögugerð. Heilmikil þróun var í sögugerðinni og þróunin var skráð og sett í ferilmöppur barnanna.  
Umbótaáætlun lokið og höldum áfram óbreyttu fyrirkomulagi næsta skólaár.

##### Sköpun og sjálfsefling

- **Styrkleikar :** Það má nánast segja að sköpunin í listinni hafi verið mörgum ef ekki flestum alveg ný, sumir voru feimnir til að byrja með en gaman var að sjá hvað þau efldust og voru öruggari og áhugasamari eftir áramótin.
- **Tækifæri til umbóta:** Í vetur ætlum við að bjóða upp á meira úrval af verðlausum efnivið og hafa hann oftari í boði.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<p>Jóga</p> 	<p>Stuðla að betri andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna sem skili sér í betri einbeitingu og slökun yfir daginn.</p>	<p>Með reglulegum og föstum jóga-stundum sem verða í dagskipulagi allavega 4 daga vikunnar.</p>	<p>Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt öllu starfsfólki deildarinnar</p>	<p>Okt</p>	<p>maí</p>	<p>Deildarfundir notaðir til að meta jóga-stundirnar og skoða hvort börnin verða leiknari í því að finna sitt eigið jafnvægi</p>	<p>Starfsfólk fylgist með virkni og þátttöku barnanna í stundunum og notast verður við myndaskráningu.</p>
<p>Sköpun og sjálfefling</p> 	<p>Efla sjálfsöryggi og sköpun. Að barnið sýni frumkvæði og kynnist ólíkum efnivið</p>	<p>Boðið verður upp á ólíkan/verðlausan efnivið í listsköpun. Barnið er hvatt til þess að prófa sig áfram og nota hugmyndaflug. Barnið sýnir/segir frá verkefnum sínum</p>	<p>Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt öllu starfsfólki deildarinnar</p>	<p>sept</p>	<p>maí</p>	<p>Allt skráð í ferilmöppur barnanna. Metið einu sinni í mánuði á deildarfundum.</p>	<p>Ýmis verkefni unnin úr ólíkum efnivið. Barnið sýnir með stolti verkefni sín á veggjum skólans</p>
<p>Náttúruleg kennsla/virðing</p> 	<p>Innleiða uppeldis-stefnu um náttúrulega kennslu í starf leikskólans.</p>	<p>-Fyrirlestrar -Leiðsögn sálfræðings -Æfingar -Starfsmenn vinna í hópum</p>	<p>Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar</p>	<p>Sept</p>	<p>maí</p>	<p>-Matslistar -umræður á starfsdögum og deildarfundum.</p>	<p>-Frasar sem starfsmenn og börn nota í samskiptum -Samskipti sem einkennast af virðingu. -Agastefna Hamra fullbúin.</p>
<p>Einingakubbar</p> 	<p>Að börnin læri að þekkja og búa til mismunandi form og</p>	<p>Hafa einingakubbana í dagskipulagi deildarinnar og skipta börnum í litla hópa.</p>	<p>Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki</p>	<p>Okt</p>	<p>maí</p>	<p>Vinna barnanna er skráð í máli og myndum og safnað í ferilmöppu þeirra.</p>	<p>Börnin verði fróðari um tölur og form og að þau geta</p>



	mynstur. þjálfar stærðfræði hugsun.	Markvissar stundir 1x í viku fyrir hvern hóp.	deildar- innar				nýtt sér það í leik og starfi.
--	--	---	-------------------	--	--	--	--------------------------------------



### 3.1 Dvergasteinn Börn fædd 2020.

#### **Skráning í ferilmöppur:**

Virkja starfsfólk deildarinnar í gerð skráningar.

#### **Styrkleikar:**

- Starfsfólk fékk góðan tíma til að vinna úr skráningunum (undirbúningstíma). Flestir náðu að taka allavega eina skráningu yfir veturinn og sumir fleiri. Einnig var meira um skráningar sem voru ekki skipulagðar fyrir fram. Við ákváðum fyrirkomulagið á deildarfundi í maí og fórum yfir hvernig við myndum framkvæma.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Starfsfólk var almennt mjög ánægt með þetta fyrirkomulag og fannst gaman að gera skráningar fyrir ferilmöppuna og varð öruggara að vinna við úrvinnslu þeirra. Gaman að sjá hve ólíkar skráningar voru eftir hvern starfsmann. Þetta fyrirkomulag hentaði mjög vel og börnin eru mjög ánægð með möppurnar sínar og finnst gaman að skoða þær. En ferilmöppurnar eru aðgengilegar fyrir þau og geta þau skoðað þær þegar þau hafa áhuga. Möppurnar fóru að skemmast og detta í sundur. Fljótlega settum við það fyrirkomulag að þær væru einungis í boði við borðavinnu og með starfsmanni. Einnig var mikil umræða um möppurnar á Degi leikskólans og foreldrunum fannst mjög gaman að skoða þær með barninu sínu og skapaðist skemmtileg umræða meðal þeirra. Þessum umbótaþætti er lokið en við munum halda áfram sama fyrirkomulagi næsta skólaár.

#### **Heilbrigði, lífsstíll, vellíðan:**

Við ákváðum að vinna dýpra með jóga/öndunaræfingar/hugleiðslu. Lögðum sérstaklega áherslu fyrst til að byrja með á öndunaræfingar og að þær verði hluti af okkar starfi og leik barnanna.

#### **Styrkleikar:**

- Markmiðið var að auka bæði líkamlega og andlega vellíðan meðal barnanna og að vinna markvisst með öndun/hugleiðslu/jóga með börnunum. Fyrst til að byrja með unnum við með öndunaræfingar í upphafi samverustunda 2x í viku en festist fljótlega í sessi sem upphaf á samverustundum/lestrarstundum/hádeginu. Þegar líða fór á veturinn yfirfærðum við



öndunaræfingar yfir í samskipti barnanna. Svo bættum við smá saman jógaæfingum/jógasögum/slökunaræfingum/hugleiðslusögur inn í.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Við starfsfólkið samræmdum okkur varðandi öndunaræfingar og markmiðið var að börnin myndu m.a. ná að róa sig niður með öndunaræfingum. Það gekk vonum framár og náðu þau oft á tíðum að róast einungis með dýpri öndun. Sem skilaði sér til yfirvegaðri og rólegri börn oft á tíðum. Börnunum fannst mjög gaman að fara í jógaundir og voru mjög dugleg að gera ýmsar jógaæfingar og jógasögur. Þessum umbótaþætti er lokið og höldum við áfram óbreyttu fyrirkomulagi.

#### **Sjálfsfelling og sköpun:**

Markmiðið er að bjóða börnunum upp á ólíkan/verðlausan efnivið og gefa þeim góðan tíma í listsköpun. Börnin velja sér hvert og eitt efnivið sem vekur áhuga þeirra og þau þjálfast í að skapa eigin verkefni.




#### **Styrkleikar:**

- Barnið á ýmis verkefni unnin úr ólíkum efnivið. Einnig á barnið skráningar úr myndsköpuninni í ferilmöppu sinni. Barnið segir frá verkefnum sínum og er ferlið skráð í máli og myndum í samstarfi við barnið.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Unnið var mun meira með verðlausan efnivið þennan vetur og þeim gefið meira val um efnivið. Sáum fljótt að mun lengri tíma þarf í listsköpun til að þau fái að njóta sín. Alltaf má gera betur og ætlum við að halda áfram að vinna með þennan þátt næsta vetur því er þessum umbótaþætti ekki lokið.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Náttúruleg kennsla/virðing 	Innleiða uppeldis- stefnu um náttúrulega kennslu í starf leikskólans.	-Fyrirlestrar -Leiðsögn sálfræðings -Æfingar -Starfsmenn vinna í hópum	Deildar- stjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildar- innar	Sept' 23	Maí' 24	-Matslistar -umræður á starfsdögum og deildarfundum.	-Frasar sem starfsmenn og börn nota í samskiptum. -Samskipti sem einkennast af virðingu. -Agastefna Hamra fullbúin.
Sjálfsþing og sköpun 	Barnið sýnir frumkvæði og kynnist ólíkum efnivið. Auka sjálfsöryggi og sköpun.	Bjóða upp á ólíkan og verðlausan efnivið. Hvetja barnið til að segja frá verkefnum sínum og það er skráð í máli og myndum í samstarfi við barnið.	Allir fram- kvæma en deildar- stjóri ber ábyrgð.	Sep'23	Maí' 24	Vinna barnanna er skráð í máli og myndum og safnað í ferilmöppu þeirra. Einnig er vinnan sýnileg á veggjum leikskólans.	Börnin eiga verkefni unnin úr ólíkum efnivið sem þau sýna með stolti. Börnin eiga svo skráningar í ferilmöppu sinni.
Sögugrunnur 	Efla málþroska og frá- sagnarhæfni barnanna. Frásagnir eru góð leið til að efla mál- þroskann, því að segja sögu reynir á flesta þætti máls og málnotkunar.	Skipulagðar stundir þar sem sögu- grunnurinn er kynntur og börnin hvött til að búa til sína eigin sögu.	Deildarstjóri ber ábyrgð.	Jan'24	Maí'24	Fylgst verður með ferlinu í gegnum myndaskráningu.	Hvert barn verður myndað við sögugerðirnar og sagan verður einnig skráð á blað. Fer í ferilmöppu barnsins



## 3.2 Hulduhóll Börn fædd 2018 og 2019

### Einingakubbar

- **Styrkleikar:** Gengu mjög ágætlega. Mikil þróun var í byggingum barnanna, þróunin var skráð og sett í ferilmöppu barnanna.

**Umbótaáætlun:** Við þurfum að bæta skráningu. Að starfsfólk fái undirbúning til að vinna með skráninguna. Við ætlum að halda áfram á næsta ári og ætlum að bæta skráningu og gefa meiri tíma í leikinn.

### Tónlistarstundir

- **Styrkleikar:** Gekk vel. Börnin voru mjög ánægð og hlökkuðu alltaf mikið til tónlistarstundanna. Börnin lærðu á ýmis hljóðfæri og voru líka í söng.

**Umbótaáætlun:** lokið og viljum halda óbreyttu fyrirkomulagi næsta vetur. Skráning var sett í ferilmöppu barnanna.

### Numicon

- Hefði mátt ganga betur. Viljum hafa færri í hóp. Markmiðin náðust samt og lærðu börnin töluvert um stærðfræði og mynstur. Börnunum þótti skemmtilegt í þessum stundum.

**Umbótaáætlun:** við viljum breyta á næsta ári og hafa minni hópa og fastara skipulag á numiconi.





## Sköpun og sjálfsefning

- **Styrkleikar:** Gekk ágætlega. Starfsfólk mætti vera duglegra að finna nýjan efnivið. Skráningar voru gerðar og settar í ferilmöppur barnanna og eins voru listaverk hengd upp á vegg og sett í ferilmöppur. Ímyndunarafl barnanna örvast og þroskast mikið.




**Umbótaáætlun:** Ætlum við að halda áfram næsta vetur en bæta okkur í að finna efnivið og koma með hugmyndabanka fyrir starfsfólk.

## Skráning, ferilmappa

- **Styrkleikar:** Gekk ágætlega, skráningar voru gerðar á leik og starfi barnanna og settar í ferilmöppuna. Möppurnar eru aðgengilegar og börnin hafa mjög gaman af því að fletta í gegnum þær, skoða myndir af sér og listaverk frá því að þau voru yngri. Málþroski eflist því þau spjalla mikið saman um möppuna sína.

**Tækifæri til umbóta:** Ræða það strax að hausti að ef það er eitthvað sem börnin óska eftir að fara í möppuna eiga þau að láta kennarana vita. Passa þarf að allt starfsfólk komist í undirbúning til að gera skráningar og setja í ferilmöppu barnanna.



UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Jóga 	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama	Börnunum skipt í litla hópa og hafa jógastund á hverjum degi þannig að hvert barn fari annan hvern dag.	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar Verður á vaktaplani	Sept. 2023	Mái 2024	Ræða á deildarfundum hvernig gengur og hvað má gera betur.	Börn upplifa mikla ánægju í gegnum jóga. Þessir þættir eru mikilvægir þegar kemur að núvítund, ró og að hlusta á eigin líkama.
Einingarkubbar 	Að börnin læri að þekkja og búa til mismunandi form og mynstur. Þjálfar stærðfræði hugsun.	Vinna markvisst með verkefni úr kubbum. Gefa leiknum góðan tíma.	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar.	Sept. 2023	Mái 2024	Skrá ferlið og endurmeta á deildarfundum. Taka reglulega myndir og skrá í ferilmöppur barnanna.	Að börnin geti nýtt sér tölur í leik og starfi. Einnig að vinnan auki hugtaka-skilning barnanna.
Sköpun og sjálfsefning 	Börnin þjálfast í því að skapa eigin verkefni og kynnist ólíkum efniviði í listsköpun.	Börnin eru hvött til þess að prófa sig áfram í listsköpun, nota hugmyndaflugíð. Kennarar eru vakandi fyrir því að bjóða upp á ólíkan efnivið í listasmíðju. Kennarar styðja börnin í því að útfæra og koma hugmyndum sínum í	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar.	Sept. 2023	Mái 2024	Vinna barnanna er skráð í máli og myndum og safnað í ferilmöppu þeirra. Einnig er vinnan sýnileg á veggjum leikskólans.	Börnin eiga skráningar í ferilmöppunni Þau eiga verkefni unnin úr ólíkum efnivið. Börnin sýna verkefni sín með stolti.



		fram- kvæmd.					
Náttúruleg kennsla/virðing 	Innleiða uppeldis- stefnu um náttúrulega kennslu í starf leikskólans.	-Fyrirlestrar -Leiðsögn sálfræðings -Æfingar - Starfsmenn vinna í hópum	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar	Sept 2023	Mái 2024	-Matslistar -umræður á starfsdögum og deildarfundum.	-Frasar sem starfsmenn og börn nota í samskiptum. -Samskipti sem einkennast af virðingu. -Agastefna Hamra fullbúin.



### 3.3 Tröllabjarg Börn fædd 2017 og 2018

#### Sjálfsfelling og sköpun

Vel gekk að vinna með þennan þátt börnin hafa kynnst ólíkum efnivið og þeim finnst mjög gaman að skapa og koma hugmynd sinni í framkvæmd.

- **Styrkleikar:** Börnin eru skapandi og hugmyndarík, þau leita lausna til að koma hugmynd sinni í framkvæmd og eru stolt af verkefnum sínum. Þau hafa öðlast mikið sjálfstæði og eru lausnamiðuð. Gleði, nám og tjáning einkenndi vinnu barnanna.
- **Tækifæri til umbóta:** Næsta vetur ætlum við að leyfa börnunum að velja sjálf hvað þau vilja gefa foreldrum sínum í jólagjöf. Börnin munu hafa aðgang að allskonar efnivið og fá aðstoð við að koma hugmynd sinni í framkvæmd.

#### Virðing

Þessi þáttur hefur gengið nokkuð vel. Börnin vita hvað er að sýna virðingu, hvert öðru og umhverfi sínu.

- **Styrkleikar:** Börnin þekkja orðið virðing og vita nokkuð vel hvað felst í því. Þau hugsa meira um umhverfið og tala um hvernig við getum sýnt því virðingu. Hugmyndir barnanna um það hvernig við getu sýnt virðingu hvert öðru eru sýnilegar á deildinni.
- **Tækifæri til umbóta:** Næsta vetur ætlum við að halda áfram með þessa vinnu því það er ekki nóg að vita hvernig við sýnum virðingu heldur þurfum við að nota það sem við vitum. Við ætlum að fara af stað með þróunarverkefni þar sem við ætlum að innleiða uppeldistefnuna Náttúruleg kennsla þar sem samskipti einkennast af virðingu. Samhliða því verður unnin aga stefna fyrir leikskólann svo allir gangi í takt.






## Sögugerð og frásagnir


Öll börnin hafa kynnt/lesið fyrir okkur sögu í samverustund. Börnin eiga skráningar í ferilmöppu sinni bæði þegar þau kynna/lesa fyrir okkur sögu og þegar þau búa til sögu með Sögugrunni. Börnin hafa líka leikið sér með söguteninga og búið til sögur.

- Styrkleikar: Börnin þjálfast í því að koma fram fyrir hóp og tala/segja frá það eykur sjálfstraust þeirra. Þetta eflir málþroska barnanna því það að segja sögur reynir á marga þætti máls og málnotkunar. Þessi þáttur er komin til að vera. Verður metið aftur eftir þrjú ár.



UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Jóga</b> 	Að auka andlega og líkamlega vellíðan barnanna með öndunaræfingum, slökun og teygjum.	Byrjum sam-verustundir á léttum öndunaræfingum Hlustum á hugleiðslu-sögur Börnin kynnast einföldum jógaæfingum	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	September 2023	Apríl 2024	Rætt á deildarfundum 1 sinni í mánuði Börnin segja frá sinni upplifun af jóga og það er skráð niður	Börnin geta nýtt öndun til þess að slaka á eða ná innra jafnvægi. Börnin kunna einfaldar jógaæfingar Börnin geta hlustað á hugleiðslu-sögu og slakað á.
<b>Sjálfsfeiling/sköpun</b> 	Börn þjálfist í því að koma hugmyndum sínum í framkvæmd	Börnin er hvött til þess að prófa sig áfram með hugmyndir sínar og fá aðgang að allskonar efnivið	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	September 2023	Janúar 2024	Vinna og hugmyndir barnanna skráðar í máli og myndum og safnað í ferilmöppu þeirra.	Börnin hafa hannað og útfært jólagjöf fyrir foreldra sína. Skráning af ferlinu í ferilmöppu barnanna.
<b>Náttúruleg kennsla/Virðing</b> 	Innleiða uppeldisstefnu um náttúrulega kennslu í starf leikskólans.	Fyrirlestrar -Leiðsögn sálfræðings -Æfingar - Starfsmenn vinna í hópum	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar	September 2023	Mái 2024	Matslistar -umræður á starfsdögum og deildarfundum	Frasar sem starfsmenn og börn nota í samskiptum Samskipti sem einkennast af virðingu



							Agastefna Hamra fullbúin
<p>Leikumhverfi</p> 	<p>Að skapa leikumhverfi sem hvetur til sjálfsprottins leiks. Þjóða upp á leikefni sem hvetur börnin til þess að finna lausnir og skapa. Leikumhverfi sem hvetur til samskipta.</p>	<p>Útbúa góð leikrými þar sem er næði í samráði við börnin. Þjóða upp á leikefni sem býður upp á að nota ímyndunaraflið. Gefa góðan tíma fyrir leikinn. Skipta barnahópnum inni/úti</p>	<p>Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar</p>	<p>September 2023</p>	<p>Mái 2024</p>	<p>Gerðar eru skráningar af börnunum í leik í máli og myndum sem safnað er í ferilmöppur þeirra. Skráningarnar nýttar á deildarfundum.</p>	<p>Börnin una lengur í leiknum og hann þróast áfram. Allskonar efniviður sést í leiknum. Börnin eiga skráningar í ferilmöppum sínum.</p>



## 4 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2023-2024

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Höfð var í hugsa menntun án aðgreiningar. Börnin sem eru með stuðning tóku þátt í því sem var verið að gera inná deild og utan og fengu viðeigandi stuðning og aðstoð til þess. Lagt er upp með að grípa tækifærin í dagslegu starfi og lögð áhersla á náttúrulega kennslu. Einnig eru einstaklingsvinnustundir, þar sem sum verkefni og innlögn þarfnast ró og næði. Skráning er einstaklingsbundin. Haldið var utan um framfarir og markmiðasetningu á skráningarblöðum og einstaklingsnámskrám.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>TRAS, Íslenski þroskalistinn, Smábarnalistinn, HLJÓM-2, AEPS og skráning atferlisíhlutunar.</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b> Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Spil, púsl og leikföng eru nýtt í sérkennslu og einnig eru útbúin námsgögn sem henta þeim markmiðum sett er hverju sinni.</p>





## Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Náttúruleg kennsla	Að grípa tækifærin í daglegu starfi.	Að þeir sem sinna sérkennslu ásamt deildarstjórum komist á námskeið í náttúrulegri kennslu.	Stjórnendur	1.sept 2023	1.maí 2024	Á deildarstjóra fundi vorið 2024	Að allir sem sinna sérkennslu nái að fara á námskeið í náttúrulegri kennslu.

## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Hefur farið inn í launakostnað. Hamrar hefur ekki fengið háa upphæð vegna þess hve fá fjöltyngd börn eru í leikskólanum
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Markviss vinna með grunnorðaforða fyrir öll börn í leikskólanum í almennu starfi inni á deildum. Notast verið við gefðu 10.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Í Hömrum er lesið á öllum deildum á hverjum degi fyrir börnin. Allir liðir í daglegu starfi leikskólans eru notaðir til þess að dýpka orðaforða barnanna, t.d. í fataklefa að tala um skálmur og ermar o.s.frv.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við höfum notast við orðalista úr bókinni Orðaforðalisti og einnig er notast við TRAS fyrir fjöltyngdu börnin.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn;	Deildarstjóri ber ábyrgð á að skima málproska barnanna og lætur



hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	sérkennslustjóra inn í málið ef þörf er á.
--	--

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarviðtöl fara fram í janúar til mars. Allt starfsfólk fær spurningar á blaði viku fyrir viðtölin til þess að undirbúa sig. Viðtölin fara fram á skrifstofu leikskólastjóra og eru um klst. í senn. Farið er í gegnum hvernig starfsmanni líður í vinnunni, hverjir styrkleikar þeirra eru og hvaða námskeið starfsmaður hefur áhuga að fara á.

Nokkrir fyrirlestrar voru á síðasta ári sem nýtast okkur í vinnu þessa árs. Fyrirlestrarnir voru:

- Grunnþáttur menntunar í sköpun. Kristín Hildur Ólafsdóttir
- Ferilmöppur. Kristín Hildur Ólafsdóttir
- Regnbogavottun Reykjavíkurborgar. Svandís Anna Sigurðardóttir
- Samskipti/agastefna. Hildur Lilja Jónsdóttir
- Skapandi umhverfi og umhverfi sem áskorun. Hildur Lilja Jónsdóttir



## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elstu börnin í Hömrum koma til með að fara einu sinni í mánuði í heimsókn í Borgaskóla. Þar er einn kennari sem sér um að taka á móti okkur og undirbúa heimsóknina þann mánuðinn. Í þessum heimsóknum koma börnin til með að kynnst skólanum/byggingunni, fara í tíma með öðrum nemendum, fara á bókasafnið ásamt því að fara í tíma hjá öllum sérgreinakennurum. Eins verða börn úr 5. bekk tengd við þennan hóp (skólavinir) bæði með heimsóknum í leikskólann og leikskólabörnin í heimsókn til þeirra.

### Markmið samvinnu leikskóla og grunnskóla í aðlögun 5 ára barna í grunnskólann

- Stuðla að vellíðan barna við flutning milli skólastiga
- Að börnin upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald leikskólans
- Að auka jákvæðni og bæra samvinnu á milli skólastiga
- Að börnin kynnist skólabyggingunni og skólalóðinni
- Að börnin kynnist bókstöfum og tölustöfum.

### Leiðir að markmiðum

- Það að börnin koma í heimsóknir í skólann og kynnist byggingunni og skólalóðinni stuðlar að öryggi og vellíðan. Einnig að börnin sjái andlit kennarana á göngunum eða á skólalóðinni gerir að þau verða ekki alls ókunn börnunum þegar þau svo byrja í skólanum. Það að þessar heimsóknir séu dreifðar yfir skólaárið gerir að grunnskólinn verður strax partur af þeirra lífi strax á síðasta ári leikskólans og verður þeim því eðlilegt framhald leikskólans
- Með því að það fari hópur nemenda frá grunnskólanum í heimsókn í leikskólann og svo fer hópur nemenda frá leikskólanum í skólaheimsóknir skapar virðingu og jákvæðni í garð barna og starfsfólks á báðum skólastigum.
- Bæði í vinnustund í leikskólanum og í skólaheimsóknum munu leikskólabörnin kynnst bókstöfum og tölustöfum, ekki kannski með eiginlegri kennslu en með því að auka vitund leikskólabarnanna fyrir hverju þessi tákni standa og til hers við notum þau.



## 8 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð:** Foreldraráð skipa 3 foreldrar og leikskólastjóri. Kosið er annað hvert ár að hausti. Hópurinn hittist þrisvar til fjórum sinnum á ári. Foreldraráð fær starfsáætlun til yfirlstrar auk annarra mála sem upp koma. Engin föst áætlun er yfir fundina en foreldraráðið ásamt leikskólastjóra eru með lokaðan spjallhóp á facebook, þar sem þau ræða það sem er framundan.
- **Foreldrafundur:** Einn foreldrafundur er haldin á ári og er hann í september. Þar er farið yfir vinnu vetrarins. Fyrst hittast allir í sal þar sem foreldrar eru boðnir velkomnir og farið yfir ýmsar upplýsingar og kynningu á starfsfólki sem er utan deilda. Síðan fara foreldrar inn á deildar hjá sínu barni þar sem deildarstjóri ásamt starfsfólki fer yfir efni sem við komum til með að vinna með næsta vetur. Foreldrafundurinn verður 27. september kl. 18

## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í vetur verða:

20. október

24. nóvember. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum

2. janúar 2024

6. febrúar. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum

26. apríl.

17. maí. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum.



## 10 Fylgigögn

Leikskóladagatal

### 10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs


F. h. leikskólans Hamra

\_\_\_\_\_ Erna Jónsdóttir \_\_\_\_\_ 29.06.2023 \_\_\_\_\_  
Leikskólastjóri Dagsetning



## Fylgiskjal 3

# Starfsáætlun 2023 – 2024 Hamrar



## Umsögn foreldraráðs

### Foreldraráð leikskólans skipa:

Veróníka Björk Gunnarsdóttir

Daníel Martyn Knipe

Sóley Kristmundsdóttir



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## Umsögn foreldraráðs:

### Umsögn foreldraráðs:

- Foreldraráðinu finnst jákvætt að verið sé að innleiða agastefnu, en vill þó vita hvort foreldrum verði boðið að sjá innihald agastefnunnar þegar hún hefur verið gerð og einnig hvaða frasar verða notaðir.
- Jóga hefur verið í innleiðingu síðustu ár og nú virðist sá þáttur vera kominn til að vera á öllum deildum. Þetta eru ánægjulegar og jákvæðar fréttir. Gott að heyra að það gengur vel.
- Innleiðing náttúrulegrar kennslu er einnig ánægjuleg þróun að mati foreldraráðs og þá sérstaklega ef tilætluðum árangri er náð.





- Foreldraráðið tekur einnig undir með umbótaratriðum ytra mats leikskólans þar sem meiri upplýsingagjöf til foreldra varðandi framvindu barnanna er bara af hinu góða.





# Leikskóladagetal 2023-2024

	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar
1 Þ		1 F	1 S	1 M	Vinafundur (Á)	1 M
2 M		2 L	2 M	2 F		2 Þ
3 F		3 S	3 Þ	3 F		3 M
4 F		4 M	4 M	4 L		4 F
5 L		5 Þ	5 F	5 S		5 F
6 S		6 M	6 F	6 M		6 L
7 M	Friðdagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ		7 S
8 Þ		8 F	8 S	8 M	Jólalegur dagur Vinafundur (D)	8 M
9 M	Opnum e. sumarfrí	9 L	9 M	9 F		9 Þ
10 F		10 S	10 Þ	10 F		10 M
11 F		11 M	11 M	11 L		11 F
12 L		12 Þ	12 F	12 S		12 F
13 S		13 M	13 F	13 M		13 L
14 M		14 F	14 L	14 Þ		14 S
15 Þ		15 F	15 S	15 M	Jólaball kl. 10	15 M
16 M		16 L	16 M	16 F		16 Þ
17 F		17 S	17 Þ	17 F		17 M
18 F		18 M	18 M	18 L		18 F
19 L		19 Þ	19 F	19 S		19 F
20 S		20 M	20 F	20 M		20 L
21 M		21 F	21 L	21 Þ		21 S
22 Þ	Aðlögun hefst	22 F	22 S	22 M	Vinafundur (H)	22 M
23 M		23 L	23 M	23 F		23 Þ
24 F		24 S	24 Þ	24 F		24 M
25 F		25 M	25 M	25 L		25 F
26 L		26 Þ	26 F	26 S		26 F
27 S		27 M	27 F	27 M		27 L
28 M		28 F	28 L	28 Þ		28 S
29 Þ		29 F	29 S	29 M		29 M
30 M		30 L	30 M	30 F		30 Þ
31 F			31 Þ			31 M

# Leikskóladaatal 2023-2034

	Febrúar		Mars		Apríl		Maí		Júní		Júlí		
1	F		1	F	Foreldraviðtöl Á	1	M	Annar í páskum	1	M	Verkalýðsdagurinn	1	L
2	F	Heimsóknardagur kl. 15.30-16	2	L		2	Þ	Dagur einhverfunnar	2	F		2	Þ
3	L		3	S		3	M		3	F	Opið hús kl. 15	3	M
4	S		4	M	Foreldraviðtöl H	4	F		4	L		4	Þ
5	M		5	Þ	Foreldraviðtöl H	5	F	Spiladagur	5	S		5	M
6	Þ	Skipulagsdagur	6	M	Foreldraviðtöl H	6	L		6	M		6	F
7	M	Jarðskjálftaæfing	7	F	Foreldraviðtöl H	7	S	Brunaæfing í vikunni	7	Þ		7	F
8	F		8	F	Foreldraviðtöl H	8	M		8	M		8	L
9	F		9	L		9	Þ		9	F	Uppstigningardagur	9	S
10	L		10	S		10	M		10	F		10	M
11	S		11	M	Foreldraviðtöl T	11	F		11	L		11	Þ
12	M	Bolludagur	12	Þ	Foreldraviðtöl T	12	F		12	S		12	M
13	Þ	Sprengidagur	13	M	Foreldraviðtöl T	13	L		13	M		13	F
14	M	Öskudagur	14	F	Foreldraviðtöl T	14	S		14	Þ		14	F
15	F		15	F	Foreldraviðtöl T	15	M		15	M		15	L
16	F		16	L		16	Þ		16	F	Útskrift kl. 15	16	S
17	L		17	S		17	M		17	F	Skipulagsdagur	17	M
18	S		18	M	Foreldraviðtöl D	18	F		18	L		18	Þ
19	M		19	Þ	Foreldraviðtöl D	19	F		19	S	Hvítasunnudagur	19	M
20	Þ		20	M	Foreldraviðtöl D	20	L		20	M	Annar í hvítasunnu	20	F
21	M		21	F	Foreldraviðtöl D Downs dagurinn	21	S		21	Þ		21	F
22	F		22	F	Foreldraviðtöl D	22	M		22	M		22	L
23	F	Vinafundur (Á)	23	L		23	Þ		23	F		23	S
24	L		24	S		24	M	Vinafundur (H)	24	F	Útskriftarferð	24	M
25	S		25	M		25	F	Sumardagurinn fyrsti	25	L		25	Þ
26	M	Foreldraviðtöl Á	26	Þ		26	F	Skipulagsdagur	26	S		26	M
27	Þ	Foreldraviðtöl Á	27	M	Vinafundur (D)	27	L		27	M		27	F
28	M	Foreldraviðtöl Á	28	F	Skírdagur	28	S		28	Þ		28	F
29	F	Foreldraviðtöl Á	29	F	Föstudagurinn langi	29	M	Alþj.l. dansdagurinn	29	M		29	L
			30	L		30	Þ		30	F		30	S
			31	S					31	F		31	M